



| Fundargerð | |
|--------------------|---|
| Yfirskrift / efni: | 6. fundur stjórnar KLÍ 2021-2022 |
| Staðsetning: | Netfundur |
| Hvenær: | 23. september 2021 kl.20.30 |
| Þátttakendur: | Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Gjaldkeri Geirdís Hanna Kristjánsdóttir (GHK) Ritari Skúli Freyr Sigurðsson (SFS) Meðstjórnandi Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) Framkvæmdarstjóri Svavar Þór Einarsson (SÞE) Varamaður Helga Hákonardóttir (HH) Varamaður Hörður I Jóhannsson (HIJ) Varamaður |
| Boðuð forföll: | Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður |
| Fjarverandi: | |
| Fundarritari: | GHK |

Fundargerð

- Engar athugasemdir.

Framkvæmda- og Íþróttastjóri

- Utandeildin staðið hæst og komin 19 lið, setur upp dagskrá á næstu dögum.
- Bókun á flugi til Dubai fór úr skorðum vegna breytinga á flugi hjá British Airways, komin ferðaskrifstofa í málið.
- Að örðu leiti er allt á áætlun og gengur vel. Gætt verður að því að upplýsingar fari léttar boðleiðir.

Gjaldkeri

- Allt með kyrrum kjörum og mál frá síðasta fundi leyst og allt komið á hreint með það.

Mótanefnd

- Pósturinn frá EJI ræddur og umræða spannst vegna hans. HIJ og GHK komu með sín innlegg í umræðuna.

Sportabler

- ÞMP og JÁJ hafa kynnt sér Sportabler sem er forrit gert fyrir íþróttahreyfinguna. Þjálfarar geta búið til sína hópa, stillt upp æfingum og haldið utan um mætingar og greiðslur. Hægt er að nota forritið til að „selja“ vöru, þ.e. að hægt er að nýta það til að rukka inn á mót KLÍ. Hægt er að búa til biðlista. Hugmynd er að kostnaðurinn við kerfið yrði fenginn með því að hækka mótagjöld. Fá þarf á hreint hvað er innifalið í því verði sem boðið er.

ETBF level II á Íslandi 2022?

- Ekki margir sem uppfylla skilyrðin til að taka lvi 2 og kom sú hugmynd að hafa námskeiðið á Íslandi í febrúar. Kostnaður mikill við að fara út á námskeiðið, hér heima er áætlað að það kosti 65þ á mann. Gefur líka þeim sem eiga eftir að uppfylla tímafjölda að skila þeim inn.

Önnur mál

- Keilusalur í Garðabæ? Ekki á rökum reist, en hugmyndin þótti góð og hvatt til að senda póst á bæjarstjórn Garðabæjar, sem svaraði og óskaði eftir fundi. JÁJ fór og hitti tvö úr bæjarstjórn og kynnti keilu fyrir þeim. Kemur til greina að setja upp sal í Garðabæ en ekkert sem meitlað er í stein.
- HH hvatti Íþróttabandalag Fatlaðra til að beita sér fyrir uppbyggingu á keilusal.
- PMP bendir á að það vantar olíuburðinn fyrir unglíngamótin, SFS ætlar að skoða málið og senda á Stanko.
- HH spyr útí mótaumsjón og JÁJ útskýrir hvað felst í því.

Fundi slitið kl. 21:32